



Samantekt á uppfærslu skýrslu fyrir kröfuhafa

Október 2009

Á þeim níu mánuðum sem greiðslustöðvunin varir, frá 13. febrúar til 13. nóvember, mun bankinn mánaðarlega uppfæra skýrslu fyrir kröfuhafa á heimasíðu sinni, www.kaupthing.com, til að þeir og almenningur geti fylgst með framvindu mála og fengið upplýsingar um það sem gerst hefur í liðnum mánuði.

Uppfærðir kaflar

3.3	Helstu verkefni skilanefndar í dag
3.4	Núverandi staða á útibúum Bankans
4	Fjárhagsupplýsingar
4.4	Tölfræði eignasafns
5	Sala eigna og endurskipulagning
7	Endurskipulagning Bankans

Afleiður

Í samræmi við þá stefnu skilanefndar að hámarka verðmæti til kröfuhafa Bankans hefur skilanefndin ráðið Alvarez and Marsal ("A&M") til að yfirfara afleiðusafnið og afleiðuviðskipti Bankans og leggja fram áætlun í kjölfarið til að tryggja að hámarksheimtur náist á safninu. A&M er ætlað að stýra ferlinu við lokun og uppgjör afleiðusamninga. Erlendu ráðgjafarnir munu styrkja það teymi sérfræðinga hjá skilanefndinni sem hefur unnið að verkefninu hingað til og utanaðkomandi verðmatssérfræðingar munu einnig koma að verkefninu. Að auki hefur viðskiptalögfræðistofan Olswang verið fengin til að veita lögfræðilega ráðgjöf í tengslum við uppgjör á afleiðusafni bankans.

Endurskipulagning eigna

Kafli 5 hefur verið uppfærður með verulegum breytingum m.a. nánari skýringum á markmiðum og forsendur í endurskipulagningarvinnu. Samantekt á endurskipulagningu innan norræna og evrópska eignasafnsins gefur ágæta mynd af því mikla starfi sem unnið hefur verið í eignastýringu bankans með þeim árangri að stærstur hluti lánanna er nú skilgreindur sem *performing loans*. Nánari umfjöllun um eignasöfnin er nýjum undirkafla 4.4.

Endurgreiðsla lána

Endurgreiðsla að fullu hefur átt sér stað á 17.2% einstakra lána í norræna safninu og á 7.7% í því evrópska, eða sem samsvarar u.þ.b. 5.5% og 8.5% af nafnvirði (eftir endurskipulagningu) hvors eignasafns miðað við 30. september 2009. Flest lánanna hafa verið endurgreidd að fullu, eða 17 af 21 láni, eða að fjárhæð 29 milljarða íslenskra króna.

Heildarendurskipulagning bankans

Í uppfærðum kafla 7 er nánar fjallað um mögulegar leiðir í heildarendurskipulagningu Bankans sem eru í mótun og farið yfir vinnuflæði verkefnisins.

Málsóknir

Dómstóll í Bretlandi opinberaði þann 20. október 2009 niðurstöðu sína á lagalegri endurskoðun á lögmæti ákvörðunar breska fjármálaráðuneytisins vegna flutnings innstæðna af Kaupthing Edge reikningum hjá Kaupthing Singer & Friedlander (KSF) í október 2008. Meginmarkmið þessara málaferla af hálfu skilanefndar var ávallt að draga allar tiltækar upplýsingar fram í dagsljósið til að fá vitneskju um á hvaða grunni breska fjármálaráðuneytið byggði aðgerðir sínar. Skilanefnd bankans hefur allt frá síðasta hausti verið þeirrar skoðunar að það væri nauðsynlegt að láta dómstóla skera úr um hvort aðgerðir breskra yfirvalda hafi verið sanngjarnar og lögmætar. Skilanefnd hefur nú fengið niðurstöðu í málinu og hún er sú að ákvörðun breska fjármálaráðuneytisins er talin lögleg.